

Samkvæmt lögum nr. 94 frá 1947 er það m. a. hlutverk stefnda að verðskrá landbúnaðarvörur í samræmi við vísitölu hagstofunnar, er reiknar hana á grundvelli verðlagsnefndarinnar. Framanritaðar skýringar stefnda um ástæður þær, er lágu til ákvörðunar hans um heildsöluverð á kindakjöti, hafa ekki verið vefngdar, en samkvæmt þeim var fjárhæðin nauðsynleg til tryggingar því, að framleiðendum yrði gildið það verð, sem gert var ráð fyrir í verðgrundvellingnum. Verður því eigi talið sýnt fram á það, að stefnda hafi farið út fyrir valdsvið sitt, að því er varðar þessa verðskráningu, og ber að taka sýknukröfu þess til greina, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefnda, framleiðsluráð landbúnaðarins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, nefndarhluta neytenda í verðlagsnefnd landbúnaðarafurða í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 30. september 1959.

Nr. 155/1959. **Landbúnaðarráðherra vegna ríkisjarðanna Holts, Fells, Álftagrófar og Keldudals**
 gegn
Kristjáni Bjarnasyni,
eiganda Norður-Hvols.

Dómendur:

hæstaréttardómarnir Þórður Eyjólfsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson, prófessor Ármann Snævarr og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Kærumál. Úrskurður héraðsdóms, sem hratt frávísunarkröfu, staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurð hafa upp kveðið Jón Kjartansson, sýslumaður í Skaftafellssýslu, og samdómsmennirnir Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara í Reykjavík, og Björn Björnsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu.

Sóknaraðili hefur kært til Hæstaréttar úrskurð, upp kveðinn í merkjadómi Skaftafellssýslu 31. ágúst þ. á. Krefst hann þess, að úrskurðinum verði hrundið og landamerkjamálinu vísað frá héraðsdómi. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja og málskostnaðar fyrir héraðsdómi í landamerkjamálinu.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðilja ber að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, landbúnaðarráðherra vegna ríkisjarðanna Holts, Fells, Álftagrófar og Keldudals, greiði Kristjáni Bjarnasyni, eiganda Norður-Hvols, kærumálskostnað, kr. 1.500,00.

Úrskurður landamerkjadóms Skaftafellssýslu 31. ágúst 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dómsúrskurðar laugardaginn 29. ágúst 1959, er tekið upp ex officio samkvæmt lögum um landamerki, nr. 41/1919.

Málið er risið út af ágreiningi um landamerki milli eiganda Norður-Hvols í Dyrhólahreppi annars vegar og eigenda Péturs-eyjarjarða og ríkisjarðanna Holts, Fells, Álftagrófar og Keldudals í sama hreppi hins vegar.

Eigandi Norður-Hvols hefur krafizt þess, að landamerki Hvolsjarðanna (Norður- og Suður-Hvols) verði ákveðin svo sem sýnt er á dskj. nr. 2, þ. e. að vestan úr tveim vörðum í Hvolsmóa í punkt A (nánar til tekið punkt A 2); að norðan úr þeim hornpunkti í punkt E. — Eigendur Suður-Hvols, en þeir eru sameigendur með eiganda Norður-Hvols að öllu landi Hvolsjarða, meðan landsskiptum hefur enn ekki verið lokið, hafa mótmælt kröfum eiganda Norður-Hvols svo og eigendur allra fyrrgreindra jarða, sem land eiga að hinum umdeildu landamerkjum.

Guðmundur Eyjólfsson bóndi, Suður-Hvoli, sem mætti fyrir

sína hönd og annarra eigenda jarðarinnar Suður-Hvols, lýsti yfir því á dómþingi 18. október 1958, að hann tæki ekki undir ofanskráðar dómkröfur eiganda Norður-Hvols.

Eftir ákvörðun dómenda og í samráði við lögmenn aðilja var aðild málsins tekin til sérstakrar meðferðar, og fór fram um þetta málsatriði munnlegur málflutningur. Kom þar fram ákveðin krafa frá lögmanni ríkisjarðanna um það, að málinu yrði vísað frá dómi, og var sú krafa studd af lögmanni eigenda Péturseyjarjarða og Suður-Hvols og vísað í því efni til 46. gr. 1. nr. 85/1936, þar eð eigendur Norður-Hvols og Suður-Hvols væru sameigendur að því landi, sem um er deilt, en þeir hefðu ekki samstöðu í málinu, eins og til sé skilið í nefndri lagagrein.

Lögmaður eiganda Norður-Hvols hefur krafizt þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið.

Lögmenn allra aðilja krefjast þess, að þeim verði tildæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins.

Það er að vísu svo, að eftir því sem komið hefur fram fyrir þessum dómi, þá mundu eigendur Norður- og Suður-Hvols verða sameigendur að landi því, sem um er deilt, þar til endanleg landskipti jarðanna verða útkljáð. En þó að eigendur Suður-Hvols-jarðar hafi hafnað því að standa að kröfum eiganda Norður-Hvols í máli þessu, þá hafa þeir eigi að síður gerzt aðiljar málsins og mótmælt því, að kröfur eiganda Norður-Hvols séu réttmætar.

Dómurinn telur, eftir því sem mál þetta horfir við, að eigandi Norður-Hvols eigi rétt á því að fá efnislega úr því skorið, hver landamerki umræddra jarða skuli vera, og verða ákvæði 46. gr. einkamálalaganna að áliti dómsins ekki skilin svo, að þau varni honum þessa.

Samkvæmt þessu verður fram komin frávísunarkrafa ekki tekin til greina.

Rétt þykir að fresta ákvörðun um málskostnað þar til á væntanlegu síðara stigi málsins.

Því úrskurðast:

Fram komin frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.